

Ársskýrsla stýrihóps í útikennslu

**Skólaárið
2020-2021**



**Flúðaskóli
Júní 2021**

Stýrihópur

Skólaárið 2020-2021 var stýrihópur í útikennslu í Flúðaskóla skipaður;

Kristínu Erlu Ingimarsdóttur, Sjöfn Sigurðardóttur, Höllu Gunnarsdóttur og Ölmju Jenný Sigurðardóttur

Fundir stýrihóps

Stýrihópurinn fundaði sjaldnar en til stóð vegna covid en við áttum þó ágætis sprett um vorið.

-Tekið var til í útikennsludóti í kjallara.

-Tekið var til í bekkjarbakpokum, þeim var fækkað og eru á vísun stað þar sem allir geta gripið þá með.

-Við vöktum athygli á útikennslu verkefnum og vefsíðum og settum fram bækur.

-Í fundagerðarbók eru margar góðar hugmyndir sem við getum leitað í.

Samstarf

Rusladagurinn var haldinn að venju í maí og líkt og í fyrra var dagurinn í samstarfi við Hrunamannahrepp, grunnskóla og leikskóla.

Fundað var með starfsfólki leikskólans, rætt var um að samnýta útikennsluáhöld, rætt var að fara í meira samstarf með leikskóla, því var slegið á frest vegna covid.

Ýmis útikennsluverkefni

Kennarar hafa unnið ýmis verkefni með nemendum í vetur. Veðrið hefur ekki verið okkur hliðhollt. Skipulögð útikennsla hefur verið í vetur í 1.-2. Bekk.

Framtíðarsýn

Stýrihópur ætlar að leggja meiri áherslu á að útikennslusvæði og aðgengi að áhöldum. Við viljum hafa útidag að hausti þar sem lögð verður áhersla á að taka til í útikennslusvæðinu og gera það klárt fyrir vetrarstarfið. Einnig viljum við auka notkun á svæðinu bak við skólann þar sem pizzaofninn og matjurtargarðurinn hafa verið. Það er frábært svæði, skjólgott og skemmtilegt. Þar hefur skapast umhverfi sem hægt er að kenna börnum hvernig við getum nýtt afurðir náttúrunnar til matargerðar s.s.

matjurtagarður, berjarunnar, rabarbari og kryddjurtir , við sjáum fyrir okkur möguleika á samstarfi við heimilisfræðikennara. Í haust væri líka gaman að fara í berjamó með alla árganga. Við viljum gjarnan að þemavinna á vordögum verði sett í skóladagatal, þá væri gaman að gera skilti jákvæð slagorð, matjurtagarður, umhverfismerki, vekja athygli á og skoða merkingu trjáa, umhverfisfræðsla ath. fjársjóð eins og Sigurð Magnússon. Steinasafn sem er í kjallara verður að vera sýnilegt, það myndi nýtast vel í kennslu ef það væri merkt og steinunum komið fyrir á góðum stað. Skýlið í skóginum er ónýtt og afar mikilvægt að endurnýja það.

Halla Gunnarsdóttir

Kristín Erla Ingimarsdóttir

Sjöfn Sigurðardóttir

Alma Jenný Sigurðardóttir